

frá stefndum á hendur Páli Ingibergssyni, bróður stefnanda, vegna líkamsárásar. Í þessu réttarhaldi krafðist stefnandi þess, að stefndur yrði látinn sæta viðurlögum skv. 236. gr. alm. hegnl. fyrir þau ummæli, sem stefnt er út af í máli þessu. Krafa þessi var færð til bókar, en ekki sinnt af eðlilegum ástæðum, þar sem ekki var heimilt að höfða opinbert mál gegn stefndum af þessum sökum.

Samkv. 29. gr. alm. hegningarlaga fellur niður heimild til þess að höfða einkamál til refsingar, sé mál ekki höfðað innan 6 mánaða frá því, að sá, sem heimildina hafði, fékk vitneskju um hinn seka. Ummæli þau, sem hér er stefnt út af, voru viðhöfð hinn 27. ágúst og 28. s. m., og ljóst er, að stefnanda var þá þegar kunnugt um þau, enda eru þau að mestu leyti viðhöfð við hann sjálfan. Heimild til málshöfðunar var því niður fallin að 6 mánuðum liðnum frá þeim tíma, þar sem ekki er unnt að fallast á, að krafa stefnanda um refsingu, er hann setti fram í lögregluréttinum 14. febr. 1949, hafi í för með sér lengingu á málshöfðunarfrestinum. Þykir því bera að sýkna stefndan af kröfum stefnanda í máli þessu.

Samkv. þessum úrslitum þykir bera að dæma stefnanda til þess að greiða stefndum kr. 200,00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Gústaf Finnbogason, skal sýkn af kröfum stefnanda, Júlíusar Ingibergssonar, í máli þessu.

Stefnandi, Júlíus Ingibergsson, greiði stefndum, Gústaf Finnbogassyni, kr. 200,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Priðjudaginn 4. maí 1954.

Nr. 42/1952. **Helgi Benediktsson og Guðmundur H. Odds-son** (Sigurður Ólason)

gegn

Birni Jóhannssyni og Kristjáni Torfasyni
(Gústaf A. Sveinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Deilt um, hvort tilteknir munir fylgdu skipi við uppboðssölu.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjendur, sem eru einir sameigendur v/s Odds, ÍS. 205, hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. marz

1952. Krefjast þeir þess, að stefndu, öðrum hvorum eða báðum, verði dæmt að greiða kr. 50.000,00 með 6% ársvöxtum af kr. 20.000,00 frá 23. júlí 1950 og af kr. 30.000,00 frá 1. október 1950 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hér fyrir dómi hefur ekki verið krafizt staðfestingar lög-haldsgerðarinnar frá 22. júlí 1950.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Ekki verður séð, að veðréttur áfrýjenda, er getur í málinu, hafi tekið til lestarstoða þeirra og lestarborða, sem lýst er í héraðsdómi, og ekki fylgdu munir þessir v/s Oddi, er skipið var selt á nauðungaruppboði 7. júlí 1950. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum og málsatvikum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4.500,00.

Dómsorð :

Stefndu, Björn Jóhannsson og Kristján Torfason, eiga að vera sýknir af kröfum áfrýjenda, Helga Benediktssonar og Guðmundar H. Oddssonar, í máli þessu.

Áfrýjendur greiði stefndu kr. 4.500,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 1. febrúar 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. f. m., hefur Helgi Benediktsson, útgerðarmaður í Vestmannaeyjum, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 28. júlí 1950, gegn Birni Jóhannssyni framkvæmdarstjóra og Kristjáni Torfasyni bankamanni, báðum til heimilis hér í bænum.

Málavextir eru þessir:

Á fyrri hluta ársins 1948 keypti h/f Örvaroddur á Flateyri „Motor Mine-Sweeper no. 31“ af firmanu Boston Deep Sea Fishing and Ice Company Limited í Fleetwood. Gaf kaupandi hinn 1. júlí 1948 út til handa seljanda skuldabréf fyrir nokkrum hluta kaupverðsins og veðsetti honum skipið ásamt vélum öllum, bátum, útbúnaði, öllum tækjum og öllu því, sem skipinu fylgir og fylgja ber, með 1. veðrétti til tryggingar skuldinni. Skipi þessu sigldi kaupandi til Noregs, og

voru vélar þess teknar úr því þar og settar í skip, sem kaupandi átti í smíðum hjá Anchers Skipsbyggeri í Arendal. Til frekari tryggingar skulddinni veðsetti kaupandi í áðurgreindu bréfi seljanda hið nýja skip ásamt vélum, bátum, útbúnaði, öllum tækjum og öllu því, sem skipinu fylgir og fylgja ber, að engu undanskildu, með 2. veðrétti næst á eftir láni, að fjárhæð ísl. kr. 300.000,00, er tryggt var með 1. veðrétti í skipinu. Er smíði skipsins var lokið, var því siglt til Íslands og skráð á aðalfiskiskipaskrá ríkisins undir nafninu m/s Oddur, ÍS. 205, með heimilisfangi á Flateyri og eign Örvarodds h/f. Á sínum tíma (ekki verður séð hvenær) fékk h/f Örvaroddur járn-lengjur frá Englandi, og voru hér á landi smíðaðar úr þeim lestarstoðir, sem ætlaðar voru handa skipinu. Þá fékk félagið með skipinu frá Noregi timbur (heflaðan borðvið), er var sníðið hér í lestarborð fyrir skipið. Halda stefndu því fram, að hvort tveggja efni þetta hafi verið keypt og greitt sérstaklega án sambands við kaup á tundurduflaslæðaranum eða hinu nýja skipi, og er þeirri staðhæfingu þeirra ekki hnekkkt. Munum þessum (lestarstoðum og lestarborðum) var komið í geymslu, er þeir voru tilbúnir, hjá Örnólfi Valdimarsyni hér í bænum. Voru þeir aldrei notaðir í skipinu, meðan það var í eign h/f Örvarodds, enda var skipið eingöngu notað til flutninga þann tíma, en sumarið 1949 var m/s Oddur sent til Grænlands, og flutti hann þangað um 200 smálestir af kolum. Lestarstoðirnar og lestarborðin voru tekin með í för þessa, því að ætlunin mun hafa verið að taka til flutnings ísvarinn fisk frá Grænlandi. Af því varð ekki, og voru munir þessir ekkert notaðir í ferðinni, og var þeim að henni lokinni komið til geymslu hjá sama manni og fyrr.

Í október 1949 var stefndi Björn Jóhannsson ráðinn framkvæmdarstjóri h/f Örvarodds. Var hann hvorki í stjórn félagsins né heldur hluthafi í því. Á þeim tíma var félagið í fjárhagsörðugleikum, og var, eftir að Björn varð framkvæmdarstjóri þess, samþykkt af stjórnendum félagsins og hluthöfum að fela honum að selja lestarborðin og stoðirnar auk rafvindu og annars lauslegs úr tundurduflaslæðaranum. Fékk Björn umboð undirritað af tveimur stjórnendum félagsins í þessu skyni, dags. 25. okt. 1949, og er ekki vefengt, að þeir hafi haft heimild til að skuldbinda félagið. Samkvæmt samþykkt stjórnenda félagsins og hluthafa og umboði þessu seldi stefndi Björn meðstefnda Kristjáni Torfasyni lestarborðin og stoðirnar fyrir kr. 40.000,00, og samkvæmt bókum félagsins greiddi Kristján kaupverðið hinn 17. nóv. 1949, en munirnir voru áfram í geymslu Örnólfs Valdimarssonar.

Með úrskurði skiptaréttar Ísafjarðar 25. maí 1950 var bú h/f Örvarodds tekið til gjaldþrotaskipta, og eftir ákvörðun skiptafundar sama dag var ákveðið að láta uppboð fara fram á m/s Oddi eins fljótt og unnt væri. Var síðan auglýst, að nauðungaruppboð færi fram á skipinu hinn 7. júlí 1950 kl. 13.30. Segir í uppboðsskilmálunum meðal annars, að skipið með tilheyrandi seljist í því ástandi, sem það nú

sé í. Milli kl. 10 og 11 að morgni þess dags, sem uppboðið átti að fara fram, var áðurgreint veðskuldabréf framselt stefnanda og Guðmundi H. Oddssyni skipstjóra hér í bænum, en hann var formaður stjórnar h/f Örvarodds, frá því að félagið var stofnað og þar til það varð gjaldþrota, og skipstjóri á m/s Oddi allan tímann nema í Grænlandsferðinni. Á nauðungaruppboði á skipinu bauð stefnandi kr. 805.000,00, og var boð hans samþykkt. Hinn 19. júlí 1950 gaf bæjarfógetinn á Ísafirði út uppboðsafsal fyrir skipinu ásamt tilheyrandi til stefnanda og áður nefnds Guðmundar H. Oddssonar, og er tekið fram í afsalinu, að stefnandi verði eigandi skipsins að $\frac{3}{4}$ hlutum, en Guðmundur að $\frac{1}{4}$ hluta. Á skiptafundi í þotabúi h/f Örvarodds skýrði nefndur Guðmundur svo frá, að lestarstoðir og lestarborð hefðu verið veðsett eða seld stefnda Birni, og væru munir þessir í vörzlum hans. Var samþykkt á fundi þessum að skora á Björn að afhenda muni þessa, en hann hafnaði því.

Stefnandi hugðist gera m/s Odd út á síldveiðar sumarið 1950, en til þess vantaði hann í skipið lestarborð og lestarstoðir. Samkvæmt bréfi lögmanns stefnanda, dags. 22. júlí 1950, varð það að samkomulagi, að stefnandi fengi muni þessa afhenta gegn greiðslu til lögmanns stefndu, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, á kr. 20.000,00 í peningum og víxli, að fjárhæð kr. 30.000,00, út gefnum 20. júlí 1950 af Ásbirni Ólafssyni, ábektum af áður nefndum Guðmundi H. Oddssyni og samþykktum til greiðslu af stefnanda hinn 1. október 1950. Segir í bréfi þessu, að greiðsla fjárens og afhending víxilsins sé hvort tveggja gert með þeim fyrirvara, að stefnandi áskilji sér rétt til að endurkrefjast þessara fjárhæða, hafi afhending áðurgreindra muna verið ólögmat, enda verði fjárhæðin og víxillinn kyrrsett, en ágreiningi um málið verði lokið með sátt eða dómi. Hinn 22. júlí 1950 var síðan í fógetarétti Reykjavíkur lagt lögöld á kr. 14.475,00 af hinni greiddu fjárhæð í vörzlum hæstaréttarlögmannsins svo og áðurgreindan víxil, og var lagt fyrir lögmanninn við lögöldið að sjá um, að víxilréttur glataðist ekki, og honum heimilað að innheimta víxilinn, enda færðist þá lögöldið yfir á andvirði hans. Höfðaði stefnandi síðan mál þetta, svo sem áður var sagt, og gerði þær réttarkröfur í stefnu, að stefndu yrðu, annar hvor eða báðir, dæmdir til þess að endurgreiða honum kr. 20.000,00 í peningum svo og til að afhenda honum fyrrgreindan víxil. Þá krafðist hann þess, að fyrrgreind lögaldsgerð yrði staðfest, og loks krafðist hann málskostnaðar eftir reikningi eða mati dómsins.

Í greinargerð kröfðust stefndu þess aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi. Reistu þeir frávísunarkröfuna á því, að stefnandi og nefndur Guðmundur H. Oddsson hefðu samkvæmt uppboðsafsalinu orðið sameigendur að skipinu. Stefnandi hefði hins vegar höfðað málið einn, en hvorugur sameigendanna að skipinu hefði getað höfðað einn mál um stofnun eða vernd eignarréttar að því eða hlutum, er þeir kynnu að halda fram, að til skipsins bæri að telja, heldur

hefði þeim borið að höfða málið sameiginlega. Í þinghaldi 6. desember 1950 lýsti lögmaður stefnanda yfir því, að stefnandi ræki málið fyrir hönd félagsútgerðar m/s Odds, og féllu stefndu þá frá frávísunarkröfunni. Stefnandi greiddi áðurgreindan víxil á gjald-daga, og við munnlegan flutning málsins breytti hann kröfum sínum á þá leið, að í stað afhendingar víxilsins krafðist hann þess, að stefndu endurgreiddu víxilfjárhæðina auk 6% ársvaxta frá gjald-daga víxilsins til greiðsludags.

Að öðru leyti hélt stefnandi fast við stefnukröfurnar.

Kröfur sínar reisir stefnandi á því, að margnefndar lestarstoðir og lestarborð hafi verið fylgifé m/s Odds og því hafi borið að láta muni þessa fylgja með í kaupunum, enda hafi skipið verið selt og því afsalað ásamt tilheyrandi. Þá telur stefnandi, að afhending um-ræddra muna hafi á sínum tíma verið óheimil úr vörzlum h/f Örvar-odds, þar sem munirnir hafi verið veðsettir sem hvert annað fylgifé, og því hafi þurft samþykki veðhafa til afhendingarinnar, en það hafi ekki verið fengið. Til frekari stuðnings því, að munir þessir hafi verið fylgifé skipsins, bendir stefnandi á það, að skipið hafi verið skráð sem fiskiskip, og eigi því ákvæði 14. gr. reglugerðar nr. 178 frá 1946 við um það. Heldur stefnandi því fram, að hann hafi verið í góðri trú um það, að lestarinnréttingin fylgdi með í kaupunum, er hann bauð í skipið, enda hafi ekki verið á það minnzt, að það væri selt án hennar.

Stefndu hafa krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og máls-kostnaðar úr hendi hans að skaðlausu.

Reisa stefndu sýknukröfuna í fyrsta lagi á því, að þeir séu ekki réttir aðiljar málsins. Bæjarfógetinn á Ísafirði hafi sem uppboðs-haldari eða skiptaráðandi í þrotabúi h/f Örvarodds og á sína ábyrgð og búsins gefið stefnanda og Guðmundi H. Oddssyni afsal fyrir m/s Oddi. Hljóti kaupendurnir því að eiga aðgang að bæjarfógeta eða þrotabúinu eða þeim aðiljum báðum, ef þeir telji ákvæði afsals-bréfsins vanefnd við sig með einhverjum hætti. Telja stefndu því, að kaupendurnir eigi engan aðgang að þeim, þar sem þeir hafi ekki komið nærri uppboði né afsali skipsins. Á þessum grundvelli til-kynnti lögmaður stefndu með stefnu, út gefinni 18. september 1950, bæjarfógetanum á Ísafirði og sýslumanni Ísafjarðarsýslu málssókn þessa og stefndi honum til þess að gæta hagsmuna þrotabús h/f Örvarodds, rikissjóðs og sjálfs sín í málinu, en réttargæzlustefndi hefur ekki látið sækja þing í málinu, og engar sjálfstæðar kröfur hafa verið gerðar á hendur honum.

Þá telja stefndu, að þótt afsalið sé orðað með þeim hætti, að skipið sé selt með tilheyrandi, þá felist ekki í því orðalagi annað né meira en það, að skipinu hafi fylgt það, sem var í því og á við sölua. Vísa þeir þessu til stuðnings til ákvæða 3. mgr. 18. gr. laga nr. 57/1949.

Í öðru lagi reisa stefndu sýknukröfuna á því, að lestarstoðirnar og lestarborðin hafi aldrei orðið fylgifé m/s Odds. Efnið í muni

Þessa hafi verið flutt hingað til lands ótilsniðið og munirnir síðan smíðaðir úr því hér til afnota í skipinu. Hins vegar hafi þeir aldrei verið tengdir við skipið eða notaðir í því né með þá farið á þann hátt, að þeir gætu orðið fylgifé þess. Af þessum ástæðum telja stefndu, að firmað Boston Deep Sea Fishing & Ice Company Limited hafi aldrei eignast veð í munum þessum. En jafnvel þótt svo yrði litið á, telja stefndu, að kaupendur m/s Odds eigi engan rétt til margnefndra muna á grundvelli áðurgreinds veðskuldabréfs, þar sem stefnandi hafi á nauðungaruppbóðinu boðið mun meira í skipið en veðskuldinni samkvæmt bréfinu nam, og hafi því kaupendur skipsins sem eigendur veðskuldabréfsins fengið fullnægju veðskuldarinnar af uppbóðsandvirðinu, enda hafi þeir ekki getað fengið skipið lagt út sem ófullnægðir veðhafar.

Svo sem áður er sagt, fólu stjórnendur og hluthafar h/f Örvarodds stefnda Birni sem framkvæmdarstjóra félagsins að selja margnefndar lestarstoðir og lestarborð. Í samræmi við þessi fyrirmæli og samkvæmt skriflegu umboði tveggja stjórnenda félagsins seldi Björn muni þessa meðstefnda Kristjáni, en galt andvirði þeirra í sjóð félagsins. Verður stefnda Birni ekki gefin sök á þessari ráðstöfun, og ekki hefur annað komið fram en stefndi Kristján hafi verið í góðri trú um heimild félagsins til hennar. Varð hann því eigandi munanna við kaupin. Þá verður ekki talið skipta máli um rétt stefnanda til umræddra muna, þó að svo væri litið á, að þeir hefðu á einhverjum tíma verið fylgifé m/s Odds. Munirnir voru löngu farnir úr eign h/f Örvarodds, eiganda skipsins, er félagið var úrskurðað gjaldþrota og nauðungaruppbóð á skipinu fór fram. Voru þeir því á þeim tíma, er skipið var selt, a. m. k. ekki lengur fylgifé skipsins, enda var það samkvæmt uppbóðsskilmálunum selt með tilheyrandi í því ástandi, sem það var á uppbóðsdegi. Þá ber og í þessu sambandi á það að líta, að gera verður ráð fyrir, að öðrum kaupanda skipsins, Guðmundi H. Oddssyni, er samkvæmt framansögðu var formaður stjórnar h/f Örvarodds, frá því að félagið var stofnað og þar til það varð gjaldþrota, hafi verið kunnugt um áðurgreinda ráðstöfun á lestarstoðunum og lestarborðunum svo og það, að munir þessir fylgdu ekki skipinu, er nauðungaruppbóðið fór fram og afsal fyrir skipinu var gefið út.

Að framangreindum atriðum athuguðum verður ekki séð, að kröfur stefnanda f. h. félagsútgerðar m/s Odds á hendur stefndu hafi við rök að styðjast eða að hann og Guðmundur H. Oddsson sem kaupendur skipsins eigi rétt til oftnefndra muna. Ber því að taka kröfu stefndu um sýknu til greina og fella fyrrgreinda löghaldsgerð úr gildi, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Ingvari Vilhjálmssyni útgerðarmanni og Ísleifi Árnasyni fulltrúa.

Dómsorð:

Framangreind löghaldsgerð er felld úr gildi.

Stefndu, Björn Jóhannsson og Kristján Torfason, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Helga Benediktssonar f. h. félagsútgerðar m/s Odds, ÍS. 205, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 4. maí 1954.

Nr. 58/1954. **Bæjarstjóri Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs**
(Sigurður Ólason)

gegn

Ásmundi Friðrikssyni (Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Einar Ingimundarson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. maí 1954 að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak hjá stefnda til tryggingar útsvarsskuld, að fjárhæð kr. 20.345,00, auk 1% dráttarvaxta á mánuði frá 1. september 1952 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Stefndi var skipstjóri á togara Siglufjarðarkaupstaðar, sem gerður var út þaðan, frá því í september 1950 þar til á árinu 1953, skráði heimilisfang sitt í nefndum kaupstað á þessu tímabili frá því haustið 1951 og tók þar á leigu íbúð frá 1. janúar 1952. Átti hann því heimili í Siglufjarðarkaupstað,